



Borgarráð

Laugardalur - bætt íþróttastaða og heildarskipulag

Lagt er til að borgarráð samþykki að skipaður verði starfshópur til að fara yfir skipulags- og mannvirkjamál í Laugardalnum, nýtingu mannvirkja, endurbyggingu og hugsanlegar nýframkvæmdir. Í hópnum verði sviðsstjórar umhverfis- og skipulagssviðs, skóla- og frístundasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs ásamt skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem og fulltrúar frá ÍBR, Ármanni og Þrótti. Hópurinn skal í vinnu sinni hafa samráð við hverfisráð Laugardals og skólaráð Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla.

Greinargerð:

Fyrir liggja ýmis gögn varðandi hugmyndir um íþróttastöðuna á íþróttasvæði Þróttar og Ármanns á Þróttaravæðinu í Laugardal svo sem bygging á íþróttahúsi, kostnaðaráætlun og samanburður við framkvæmdir við önnur mannvirki sem gæti verið nauðsynlegt að byggja vegna skólaíþróttar og fyrir Þrótt og Ármann. Þá liggur fyrir samantekt ÍBR um íþróttastöðu þessara félaga, tímanotkun og nýtingu mannvirkja. Auk þess hefur skóla- og frístundaráði og íþróttá- og tómstundaráði og borgarstjóra borist bréf frá skólastjóra Laugalækjarskóla dags. 3. apríl 2018 þar sem lögð er fram ósk skólaráðs Laugalækjarskóla um nýbyggingu með íþróttasal, kennslustofum og félagsaðstöðu við skólann. Á fundi borgarráðs þann 12. apríl 2018 var lagt fram bréf HSÍ og KKÍ dags 28. mars 2018 um nauðsynlega aðstöðu sérsambanda fyrir innanhússiþróttir og skilgreiningu á Þjóðarleikvangi fyrir innanhússiþróttir.

Lagt er til við borgarráð að næstu skref í málinu verði að skipa þennan starfshóp fulltrúa SFS, ÍTR, ÍBR, Ármanns og Þróttar vegna þessa máls og að USK verði falið að skoða vinnu vegna deiliskipulags þessa svæðis auk annarra mannvirkja í Laugardalnum. Hópurinn skal í vinnu sinni hafa samráð við hverfisráð Laugardals og skólaráð Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla. Þá skal hópurinn meta óskir Þróttar um byggingu íþróttahúss, óskir skólanna um byggingu íþróttahúsa og nýtingu Laugardalshallar vegna æfinga fyrir Þrótt.



Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um skipulags- og uppbyggingarmál á íþróttasvæði Þróttar og Ármanns á Þróttarsvæðinu í Laugardal, dags. 5. febrúar 2018.

Bréf ÍBR um heildarskipulag í Laugardal, dags. 22. nóvember 2017.

Bréf skólastjóra Laugalækjarskóla, dags. 3. apríl 2018.

Bréf frá HSÍ og KKÍ dags 28. mars 2018



Skýrsla starfshóps um skipulags- og
uppbyggingarmál á íþróttasvæði
Þróttar og Ármanns á Þróttarsvæði í Laugardal



Reykjavíkurborg

5.2.2018

Inngangur	3
<i>Helstu verkefni starfshópsins:</i>	3
Forsendur	4
<i>Uppbygging í Laugardal</i>	4
<i>Knattspyrnufélagið Þróttur</i>	4
<i>Glímufélagið Ármann</i>	4
<i>Tengsl við skólaumhverfið í Laugardalnum</i>	5
<i>Tenging við aðrar framkvæmdir í Laugardal</i>	5
Niðurstöður starfshópsins	5
Fylgiskjal 1. Deiliskipulagsbreyting Landslags. Laugardalur Þróttur, teikning F-101	7
Fylgiskjal 2. Deiliskipulagsbreyting Landslags. Laugardalur Þróttur, teikning F-102	8

Inngangur

Borgarstjóri skipaði með erindisbréfi í mars 2017 starfshóp um skipulags- og uppbyggingarmál á íþróttasvæði Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns á Þróttarsvæðinu í Laugardal.

Hlutverk starfshópsins var að annast viðræður Reykjavíkurborgar, Þróttar, Ármanns o.fl. um framtíðaruppbyggingu aðstöðu fyrir félögin. Fyrir liggja tillögur sem Þróttur og Ármann hafa látið vinna og kynntar hafa verið borgaryfirvöldum.

Starfshópin skipuðu:

Hrólfur Jónsson Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, formaður
Ómar Einarsson Íþrótt- og tómstundasviði (ÍTR)
Helgi Grímsson Skóla- og frístundasviði (SFS)
Björn I. Edvardsson Umhverfis og skipulagssviði (USK)
Finnbogi Hilmarsson fulltrúi Knattspyrnufélagsins Þróttar
Kristján Kristjánsson fulltrúi Knattspyrnufélagsins Þróttar
Jón Þór Ólafsson fulltrúi Ármanns

Með hópnum störfuðu jafnframt Þorsteinn Hermannsson samgöngustjóri, Stefán Finnsson deildarstjóri, Rúnar Gunnarsson deildarstjóri, allir frá Umhverfis- og skipulagssviði og Þráinn Hauksson landslagsarkitekt frá Landslagi.

Helstu verkefni starfshópsins:

- Að vinna kynningaráætlun fyrir hagsmunaaðila vegna uppbyggingarhugmynda og gera tillögu um hvernig best verður staðið að vinnu við gerð nýs deiliskipulags.
- Að undirbúa nauðsynlegar deiliskipulagsbreytingar byggðar á hugmyndum íþróttafélaga o.fl. um uppbyggingu íþróttamannvirkja.
- Að vinna tillögu um endurskoðun fjárfestinga- og tekjuáætlunar Reykjavíkurborgar ef með þarf til samræmis um uppbyggingartillögur um íþróttamannvirki.
- Að gera tillögur um samstarf við skóla, íþróttafélög o. fl. um nýtingu fyrirhugaðra mannvirkja ef svigrúm er til þess miðað við nýtingarþörf félaga og skóla.
- Að vinna drög að nýjum samstarfs- og styrkjasamningi milli Þróttar og Reykjavíkurborgar og Ármanns og Reykjavíkurborgar.
- Jafnframt verði skoðað hvort að starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar geti rúmast í fyrirhuguðu húsnæði sem gert er ráð fyrir að rísi á svæðinu.

Í upphafi hefur starfshópurinn einbeitt sér að því að svara því hvort koma mætti fyrir nýju íþróttahúsi fyrir Þrótt sem þjónað gæti íþróttastarfi félagsins, en einnig íþróttakennslu fyrir Laugarnes- og Laugalækjaskóla. Húsið væri einnig ætlað fyrir körfuboltaæfingar barna og unglunga á vegum Ármanns sem nú eru í íþróttahúsi Laugarnesskóla. Skoðaðar voru tvær staðsetningar, annars vegar skólalóð Laugarnesskóla, hins vegar bílastæðið við hlið félagsheimilis Þróttar.

Byggt hefur verið á því að inniþróttagreinar á vegum Þróttar séu í verulegri óvissu, ef aðstaða til iðkunar þeirra batnar ekki og byggir vinnan á fyrirliggjandi hugmyndum félagsins um byggingu íþróttahúss. Jafnframt hefur verið til skoðunar hvernig bæta megi aðstöðu Ármanns, hugsanlega með því að Ármann yfirtaki félagsheimili Þróttar verði félagsaðstaða Þróttar flutt í nýtt íþróttahús.

Ekki er um eiginlega deiliskipulagsvinnu að ræða á þessu stigi heldur frumskoðun og kortlagningu möguleika sem fyrir hendi eru. Starfshópurinn hefur horft til þess að verið er að skoða aðstöðumál og samþættingu skóla-, íþrótt-, menningar- og frístundastarfs fyrir stærra svæði í tengslum við þéttingu byggðar í nágrenni Laugardalsins og nýrra hverfa í Vogabyggð og Elliðavogi. Á þessu stigi hefur ekki verið unnin nákvæm þarfagreining fyrir mögulegt íþróttahús. Einnig á eftir að skoða betur hver raunveruleg þörf er fyrir nýtt íþróttahús fyrir skólana á svæðinu. Hvort bæta megi aðstöðu í Laugardalshöll fyrir íþróttakennslu og hvort nýta megi áfram íþróttahús fatlaðra.

Forsendur

Uppbygging í Laugardal

Knattspyrnufélagið Þróttur og Ármann reka starfsemi í Laugardalnum, Þróttur að öllu leyti, Ármann að miklu leyti. Laugardalurinn er eitt fjölmennasta hverfi Reykjavíkur. Fyrirhuguð uppbygging í hverfinu og áform um þéttingu byggðar mun fjölga íbúum á félagssvæði Þróttar og Ármanns á næstu 10 – 15 árum um allt að 7.000 manns, t.d. á svæðum eins og Vogahverfi, Laugarnesi, Blómavalsreit, Fenjareit, Íslandsbanka- og strætólóð o.fl. Skyldur Þróttar og Ármanns við íbúa munu aukast verulega með þessari fjölgun. Félögin telja knýjandi að þegar verði hafist handa við uppbyggingu að mæta fyrirsjáanlegri þörf fyrir þjónustu af hálfu félaganna.

Knattspyrnufélagið Þróttur

Þróttur rekur knattspyrnudeild, blakdeild og handknattleiksdeild. Í Laugardalshöll hefur Þróttur 36 klst. til æfinga á viku í 33 vikur á ári og oft fleiri en æfing á hverri klukkustund vegna stærðar hússins. Æfingar falla hins vegar oft niður. Blakdeild og handknattleiksdeild eru því í erfiðri stöðu. Ekki hefur tekist að tryggja félaginu nægjanlegan tíma í Laugardalshöll og erfitt er fyrir hverfisfélag að starfa þar. Veturinn 2016/-17 féllu niður um 30% af tímum félagsins í Laugardalshöll og ljóst er nú þegar að veturinn 2017/-18 hefur einnig verið erfiður.

Af þeim sökum óskar félagið eftir því að byggt verði íþróttahús fyrir félagið.

Knattspyrnudeildin hefur betri aðstöðu að sumri en vetraraðstaðan er ófullnægjandi. Einn gervigrasvöllur annar ekki öllu starfi félagsins, en hann er nú nýttur um 2000 klukkustundir á ári.

Endurbætur standa nú fyrir dyrum á grasæfingasvæði Þróttar í Laugardal

Hugmyndir Þróttar um uppbyggingu eru eftirfarandi:

Byggt verði nýtt íþróttahús á bílastæði félagsins Húsið verði keppnis- og æfingahús Þróttar og miðstöð starfsemi félagsins. Næstu skref verði uppbygging gervigrasvalla á Valbjarnarvelli.

Glímufélagið Ármann

Ármann er fjölgreina íþróttafélag með 10 íþróttagreinar og fer hluti starfseminnar fram í Laugardalnum. Þar eru skrifstofur félagsins og hefur það verið ósk félagsins að fá aukna félags- og búningsaðstöðu byggða við núverandi mannvirki. Ekki er hægt að halda úti félagsstarfi deilda vegna aðstöðuleysis og halda þarf stærri fundi og námskeið í Laugardalshöll eða hjá ÍSí. Einnig er búningsaðstaða fyrir þjálfara og iðkendur algerlega óviðunandi. Aðstaða fimleikadeildar er sprungin

vegna mikillar aðsóknar og einnig þarf að leysa mál bardagagreina sem hafa sprengt utan af sér rými í bardagasal í kjallara. Jafnframt er brýnt að gerðar verði úrbætur á aðstöðu til að iðka frjálsar íþróttir.

Hugmyndir Ármanns um uppbyggingu eru eftirfarandi:

Byggt verði nýtt hús sem rúmi félagsaðstöðu og íþróttaiðkun áfast því sem fyrir er. Frumteikningar hafa verið gerðar, reiknað er með húsi á tveimur hæðum, að mestu niðurgrafið.

Tengsl við skólaumhverfið í Laugardalnum

Ekkert fullnægjandi íþróttahús er við skóla í Laugardalnum og nágrenni. Hverfisráð Laugardals hefur oft ályktað um það að íþróttakennsla sem fari fram í Laugardalshöll sé ófullnægjandi m.a. af þeim orsökum að mjög oft falli niður tímar þar vegna annarra viðburða og að gönguleið nemenda frá Laugalækjaskóla sé og löng og ekki boðleg. Eins sé íþróttahús við Laugarnesskóla komið til ára sinna. greina þarf betur þá möguleika sem fyrir hendi eru hvernig best verður byggt upp fyrir íþróttakennslu á svæðinu.

Tenging við aðrar framkvæmdir í Laugardal

Fjölmargar hugmyndir liggja fyrir um framtíð Laugardalsins og uppbyggingu íþróttamannvirkja. Má segja að þessi starfshópur sem hér skilar af sér sé að skoða einn afmarkaðan þátt þeirrar heildarúttektar sem fram fer á svæðinu og því mikilvægt að tengja þessar niðurstöður þeirri vinnu.

Fyrir liggur að ríkið, Reykjavíkurborg og KSÍ hafa stofnað starfshóp vegna uppbyggingar á Laugardalsvelli. Ein þeirra sviðsmynda sem skoða á í tengslum við þá uppbyggingu er yfirbyggður fjölnota völlum. Í tengslum við erindi KSÍ hafa ýmsar lausnir á aðstöðu til frjálsra íþróttar einnig verið skoðaðar í Laugardalnum.

Uppbygging íþróttahúss sem nýtt yrði til æfinga- og keppni fyrir þrótt hefði augljós áhrif á nýtingu Laugardalshallar. Þau áhrif yrði þó að meta með hliðsjón af hugmyndum um frekari starfsemi í Laugardalshöll á sviði viðburða og samvinnu við HSÍ og KKÍ auk annarra um nýtingu hennar. Gera verður þó ráð fyrir því, a.m.k. til skamms tíma, að „dauður tími“ í Laugardalshöll myndi aukast ef þróttur hverfur þaðan, nema að í Laugardalshöll yrði sköpuð sérstök aðstaða fyrir landslið í handknattleik, körfuknattleik, blaki o.fl. og þá jafnvel með aðkomu ríkisins vegna húsaleigu á þjóðarleikvangi fyrir sérsambönd.

Ekki hefur verið unnið með hugmyndir þróttar varðandi breytingar á útisvæði, en þann hluta erindisins þarf að tengja öðrum fyrirætlunum í Laugardalnum. Úrbætur á frjálsíþróttaaðstöðu Ármanns og frjálsíþróttavelli í Laugardal þarf einnig að skoða í samhengi við önnur erindi.

Niðurstöður starfshópsins

Nýju íþróttahúsi í Laugardal, samkvæmt því hlutverki sem því er ætlað, er að mati hópsins best fyrir komið á bílastæði við félagsheimili þróttar. Nægjanlegt rými er fyrir hendi og hægt að grafa húsið niður til draga úr áhrifum þess á nágrennið.

Mat hópsins er að það komi ekki til greina að byggja íþróttahús á lóð Laugarnesskóla. Húsið myndi að óbreyttu gnæfa hátt í umhverfinu, taka yfir stóran hluta skólalóðarinnar og skuggavarp yrði mikið. Skipuleggja þyrfti sérstakar aðkomuleiðir og koma fyrir bílastæðum fyrir áhorfendur þegar kappleikir


færu fram og ónæði af umferð yrði langtum meira, yrði húsinu valinn staður á skólalóðinni en ef það verður við félagsheimili Þróttar.





Mögulegt nýtt íþróttahús (Staðsetning hefur ekki verið ákveðin)

Lagt er til að þessi samantekt hópsins verði kynnt í umhverfis- og skipulagsráði, skóla- og frístundaráði, íþrótt- og tólmundaráði, borgarráði og hverfisráði Laugardals. Að loknum þeim kynningum verði gerð nákvæm þarfagreining á íþróttastaðstöðu Þróttar og Ármanns á íþrótt- og félagsaðstöðu, m.a. með tilliti til þarfa félaganna og vegna Laugardalshallar og hverfaskiptingu íþróttafélaga. Jafnframt verði unnin greining á því hvernig íþróttakennslu fyrir skólana tvo verði best fyrir komið. Að lokinni þeirri vinnu verði stefnt að því að taka ákvörðun um framhaldið. Meðfylgjandi er mynd sem sýnir helstu niðurstöðu hópsins á þessu stigi. Gerðar eru tillögur að gönguleiðum skólabarna um svæðið til að tryggja öryggi þeirra og bæta um leið allt umhverfi gangandi um svæðið.

Það má því segja að starfshópurinn sé hér að leggja fram áfangaskýrslu og að þar með sé lokið fyrstu tveimur verkefnum erindisbréfsins sé lokið.





 GÖNGULEIÐIR
 HRADATAKMÖRK 30 KM

 GÖNGU-LJÓÐ

LAUGARDALUR ÞRÖTTUR
 DEILISKIPLAGSBREYTING VEGNA ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA
 GREINING

KVARDI-A1: 1:1000	TEIKN NR: F-101
DAGS: 16.08.2017	HANNAÐ: PH
FLOKKUR: 0000-reyk-laugd_A	TEIKNAD: HSG
SKRA: 17095-gm	VERKNR: 17095









LAUGARDALUR ÞRÓTTUR
 DEILISKIPULAGSBREYTING VEGNA ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA
 Greining

KVARÐI-A1: 1:500	TEIKN NR: F-102
DAGS: 18.08.2017	HANNAÐ: ÞH
FLOKKUR: 0000-reyk-laugd1A	TEIKNAD: ÞH/HSG
SKRÁ: 17095-gm	VERKNR: 17095







 GÖNGULEIÐIR
 HRADATAKMÖRK 30 KM

 GÖNGU-LJÓÐ

LAUGARDALUR ÞRÓTTUR
 DEILISKIPLAGSBREYTING VEGNA ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA
 GREINING

KVARDI-A1: 1:1000	TEIKN NR: F-101
DAGS: 16.08.2017	HANNAÐ: PH
FLOKKUR: 0000-reyk-laugd_A	TEIKNAD: HSG
SKRA: 17095-gm	VERKNR: 17095






LAUGARDALUR ÞRÓTTUR
 DEILISKIPULAGSBREYTING VEGNA ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA
 Greining

KVARÐI-A1: 1:500	TEIKN NR: F-102
DAGS: 18.08.2017	HANNAÐ: ÞH
FLOKKUR: 0000-reyk-laugd1A	TEIKNAD: ÞH/HSG
SKRÁ: 17095-gm	VERKNR: 17095





ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR



Borgarstjóri Reykjavíkur

Dagur B. Eggertsson

Reykjavík 22. nóvember 2017

Efni: Laugardalur – heildarskipulag.

Nú eru uppi ýmsar hugmyndir um uppbyggingu í Laugardal. Í gegnum tíðina hefur Laugardalurinn verið skipulagður í bútum, saumað við hér og þar eftir því sem ný mannvirki hafa sprottið upp. Umferðaræðar akandi og gangandi draga daum af þessu. Stjórn ÍBR telur fulla þörf á því að horfa á Laugardalinn í heild sinni út frá þeim mannvirkjum sem fyrir eru, þeim hugmyndum sem fram eru komnar um frekari uppbyggingu í dalnum og flæði akandi og gangandi umferðar inn og út úr dalnum sem og um hann. Mikilvægt er að huga einnig að samspili mannvirkja og náttúru í þessari vinnu þannig að Laugardalurinn sé áfram eins grænt svæði og mögulegt er.

Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur óskar hér með eftir samstarfi við Reykjavíkurborg um myndun vinnuhóps sem hefði það verkefni að gera tillögu að heildarskipulagi Laugardals. Að vinnu hópsins yrðu kallaðir til hlutaðeigandi aðilar innan borgarkerfis auk hagsmunaðila í Laugardalnum.


Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar ÍBR

Ingvar Sverrisson



Reykjavíkurborg
Laugalækjarskóli



Reykjavík 3. apríl 2018

Til Dags B. Eggertssonar borgarstjóra Reykjavíkurborgar

afrit sent á

- Helga Grímsson sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs
- Ómar Einarsson sviðsstjóra íþróttá- og tómstundaráðs
- Skúla Helgason formann skóla- og frístundaráðs
- Þórgný Thoroddsen formann íþróttá- og tómstundaráðs

Efni: Ósk skólaráðs Laugalækjarskóla um nýbyggingu með íþróttasal, kennslustofum og félagsaðstöðu

Ágæti borgarstjóri.

Bygging íþróttahúss í Laugardalnum til kennslu og æfinga hefur verið til umfjöllunar undanfarin misseri. Má til dæmis nefna fjölmennan íbúafund fyrir Laugarneshverfi sem var haldinn í Laugalækjarskóla nýlega, en hafa ber í huga að vöntunin og umfjöllunin á sér langa sögu. Með þessu bréfi viljum við koma á framfæri skýrum vilja skólaráðs Laugalækjarskóla til þess að íþróttahús verði byggt á lóð skólans og samhliða verði leyst úr mjög aðkallandi þörf skólans fyrir fleiri almennar kennslustofur, ásamt því að bæta aðstöðu til félagsstarfs og íþróttaiðkunar unglinga í Laugarneshverfi.

Nýtt íþróttahús yrði fyrsta íþróttahús skólans, eftir nærri 60 ára skólastarf. Enn í dag þurfa nemendur á leið í íþróttakennslu að ganga drjúga leið eftir Laugardalnum til að nýta þá aðstöðu sem þar er til staðar, einkum Laugardalshöllina. Húsnæðið er fyrst og fremst keppnisaðstaða, það hentar misvel til kennslu og kennurum er ekki boðið að geyma þar áhöld né bolta. Þá er Höllin skólanum dýr kostur og óáreiðanlegur, því skólastarf þarf stundum að vikja vegna viðburða sem þar eru haldnir. Þá er gönguleiðin frá skóla og í Laugardalshöll óþægilega löng sem veldur reglulegum áhyggjum af öryggi nemenda – af marggefnu tilefni. Síðan takmarkar fjarlægðin einnig svigrúm skólans til að bjóða upp æskilega hreyfingu; hér má vísa til þess að samkvæmt könnunum eins og Skólapúlsinum kemur fram að nemendur skólans hreyfa sig að jafnaði minna en jafnaldar þeirra á landinu og á sú mæling bæði við skólastarfið og daglegt líf nemenda þess utan.

Þörf skólans fyrir aukið húsnæði til almennrar kennslu hefur einnig legið fyrir um langa hríð. Nemendum hefur fjölgað um 40 á stuttum tíma og mun fjölga enn um marga tugi á næstu misserum. Innan skamms mun okkur vanta a.m.k. tvær skólastofur. Í þeim útreikningum er einungis gengið út frá núverandi nemendafjölda Laugarnesskóla, ekki er gert ráð fyrir mögulegri fjölgun til viðbótar vegna nýrra íbúða í hverfinu. Til að bregðast við bráðavanda hefur skólinn lagt inn pöntun á lausum kennslustofum fá og með haustinu 2019.



Reykjavíkurborg
Laugalækjarskóli



Í húsnæði skólans er einnig rekin félagsmiðstöðin Laugó fyrir ungmennin í hverfinu. Hún býr við afar þröngan kost og nýbygging á lóð skólans gæti umbylt tækifærum í félagsstarfi ef hugað verður að aðstöðu fyrir Laugó í nýju húsi.

Samnýting hússins með íþróttafélögum yrði síðan auðveld, jafnvel þótt húsið yrði ekki stórt. Hér má nefna að fjölmargir unglingar sem eru búsettir í Laugarneshverfi og æfa körfuknattleik með Ármanni hafa þurft að sækja æfingar alla leið í íþróttahús Háteigsskóla, sem er talsvert fjarri. Um 300 börn sækja nú reglubundnar körfuboltaæfingar hjá Ármanni.

Fljótt á litið virðist nægt pláss á lóð skólans fyrir byggingu sem kemur til móts við þessa aðkallandi þörf. Með nýrri byggingu myndu skapast óþrjótandi ný sóknarfæri fyrir framsækið skólastarf, félagsstarf og íþróttaiðkun. Skólaráð Laugalækjarskóla er einhuga í von sinni um að þessi leið verði farin til að koma til móts við þá knýjandi þörf sem er til staðar.

Skólaráð Laugalækjarskóla óskar þess að erindið verði tekið fyrir í þeim ráðum borgarinnar sem málið snertir: í borgarráði, íþrótt- og tómstundaráði og skóla- og frístundaráði. Þá óskar skólaráð þess einnig að Reykjavíkurborg svari erindinu með formlegum hætti og þar tilgreint hvort og þá hvernig borgin hafi hug á að bæta aðstöðu skólans til íþróttakennslu, almennrar kennslu og félagsstarfs.

Fyrir hönd skólaráðs Laugalækjarskóla,

Jón Páll Haraldsson
skólastjóri

S: 411 7900 / 664 8291

jon.pall.haraldsson@rvkskolar.is



Reykjavíkurborg
B/t Dags B Eggertssonar borgarstjóra
Ráðhúsinu v/ tjörnina

Málsnr.: R17110135
Skjalasafn Ráðhúss
05. apríl 2018
Bréfalykill: 6600

Reykjavík 28. mars 2018

Efni: Þjóðarleikvangur fyrir innanhúsiþróttir

Á undanförunum árum hafa forsvarsmenn Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) og Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) bent á nauðsyn þess að byggður verði ný þjóðarleikvangur fyrir innanhúsiþróttir.

Laugardalshöllin var byggð árið 1967 og þykir enn glæsilegt mannvirki og eitt af helstu kennileitum Reykjavíkurborgar. Höllin var byggð sem þjóðarleikvangur og þar hafa allir helstu íþróttaviðburðir farið fram sl. 50 ár. En tímarnir breytast og fyrir margt löngu hætti höllin að uppfylla alþjóðlegar kröfur sem gerðar eru til alþjóðlegra leikja bæði í handknattleik og körfuknattleik.

Bæði HSÍ og KKÍ hafa þurft, í áratugi, að spila leiki í alþjóða keppnum bæði í evrópumótum og heimsmeistaramótum á undanþágum frá lágmarksstöðlum um keppnishöll. Snýr það bæði að stærð öryggissvæða, rými í kringum auglýsingaskilti og aðstöðu keppenda.

Þá hefur sú þróun orðið við skipulagningu t.d. evrópumóta að úrslitakeppni fer fram í fleiri en einu landi. Hvorki HSÍ né KKÍ hafa getað tekið þátt í slíku samstarfi þar sem ekkert íþróttahús uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru og bætist þar við kröfur um almenna öryggisstaðla, stærð keppnishallar. Gerðar eru lágmarkskröfur um áhorfendaaðstöðu fyrir 5.000 manns. Laugardalshöll tekur nú 2.300 manns í sæti.

Einnig háir aðstöðuleysi starfi beggja sambanda. Samböndin halda hvor um sig úti um 6 unglinga landsliðum auk A landsliða. Engin æfingaaðstaða er til staðar fyrir landsliðin fyrir æfingar og þrátt fyrir góðan vilja ÍTR þá hafa æfingar farið að mestu fram á Seltjarnarnesi og Garðabæ undanfarin ár. Allt byggir þetta á góðum vilja sveitarfélaga sem bjarga málum á síðustu stundu enda geta rekstraraðilar ekki lofað íþróttahúsum fram í tímann. Hamlar þetta mjög öllu starfi sambandanna.

Ljóst er að vinna þarf að lausn þessara mála með íþróttaleikvangi sem uppfyllir allar kröfur fyrir alþjóða keppni í innanhúsi keppnisgreinum, sem auk handknattleiks, körfuknattleiks og blaks, getur hýst fimleika og frjálsiþróttamót auk annarra íþróttagreina.

Við leitum því til Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar um þáttöku í viðræðum um byggingu þjóðarleikvangs. Við gerum okkur grein fyrir að slík bygging og rekstur er ekki eingöngu á ábyrgð Reykjavíkurborgar þó ljóst sé að slík bygging verður ekki reist án þáttöku og stuðnings borgarinnar.

Í ljósi þess áttum við fund í morgun (28. mars) með mennta og menningarmálaráðherra um aðkomu ríkisvaldsins til verkefnisins.


Eins og mál standa í dag teljum við að Laugardalur rými slíkt mannvirki sem hægt er að nýta í samstarfi við Knattspyrnufélagið Prótt, grunnskóla í nágrenninu, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, vegna kennslu í íþróttafraeðum. Þá gæti mannvirkið hýst alla skrifstofuaðstöðu íþróttasambanda. Með það að markmiði gætu önnur svæði í Laugardal nýst betur við endurhönnun Laugardals í heild sinni.

kennslu í íþróttufræðum. Þá gæti mannvirkið hýst alla skrifstofuaðstöðu Íþróttasambanda. Með það að markmiði gætu önnur svæði í Laugardal nýst betur við endurhönnun Laugardals í heild sinni.

Við óskum því eftir fundi með þér til að ræða afstöðu borgarinnar til verkefnisins og með hvaða hætti borgin getur haft aðkomu að verkefninu og hvernig hægt er að ýta því úr vör. Óskað er eftir að fundurinn verði haldinn sem fyrst.

Virðingarfyllst,

F.h. Handknattleikssambands Íslands



f.h. Körfuknattleikssambands Íslands

